

Landsmót hestamanna 2022 á Helli

Skýrsla framkvæmdateymis



Maí 2023

Eiríkur Vilhelm Sigurðarson

Magnús Benediktsson

Vilborg Smáradóttir





Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Stjórnun og skipulag	9
Lykilstarfsfólk	10
Mótssvæði/Framkvæmdir	12
Rekstrarniðurstöður og samanburður við fyrri mót.....	13
Tekjur	15
Tekjuöflun – miðasala	15
Tekjuöflun – aðrar tekjur	16
Gjöld	17
Kostnaður við stjórnun mótsins	17
Uppsetning mótssvæðis og aðstöðu	18
Uppsetning og rekstur tækniherfa	18
Rekstur mótssvæðis.....	18
Rekstur viðburðar	18
Sjónvarpsútsending.....	20
Markaðssetning	23
Þjónusta við mótsgesti.....	27
Öryggi: Löggæsla, sjúkragæsla og brunavarnir.....	27
Snyrtingar og hreinlæti	28
Umferðarskipulag	29
Tjaldsvæði	31
Matsala	33
Verslunarsvæði	35
Skemmtidagskrá.....	36
Samantekt.....	37
Það sem gekk vel.....	38
Það sem gekk ekki eins vel	38

Saga landsmótanna nær aftur til 1950 en þá var fyrsta mótið haldið á Þingvöllum. Þar voru sýnd 133 hross, kynbótahross, gæðingar og kappreiðahross. Mótið núna er það 24. í röðinni. „Hér ríkir mikil eftirvænting og það ljómar andlit allra hérna á Rangárbökkum“, segir Magnús Benediktsson framkvæmdastjóri. Fresta varð landsmótinu 2020 og 2021 vegna Covid-19 og eru menn spenntir fyrir mótinu á Rangárbökkum. „Það hafa verið frábær tilbrif í aðdraganda mótsins, veðrið er gott og eftirvænting mikil“, segir Magnús. Hvað reikna mótshaldarar með að margir sæki landsmótið? „Við reiknum með svona 8-10 þúsund manns. Hérna verða rétt rúm 800 hross og um 2-3 hundruð knapar“. Magnús segir að íslenski hesturinn laði að fjölmarga sem koma frá útlöndum. „Margir eru komnir langt að og við vitum að fleiri eru á leiðinni. Íslenski hesturinn er alltaf í sókn og er þvílíkur sendiherra fyrir okkur Íslendinga“. Keppni í barna- og unglingaflokki hefst í dag. Aðstaðan er til fyrirmyndar og margir sjálfbóðaliðar hafa lagt hönd á plóg.

Tilvitnun í Magnús Benediktsson framkvæmdarstjóra í upphafi móts í viðtali við RÚV.



Framkvæmdateymi Landmóts hestamanna 2022 f.v. Magnús Benediktsson, Vilborg Smáradóttir og Eiríkur Vilhelm Sigurðarson,

Inngangur

Landsmót hestamanna 2022 á sér langan aðdraganda og lengri en flest önnur mót, þessi langi aðdragandi varð hinsvegar til þess að mótið tókst virkilega vel til og skilaði góðum rekstrarhagnaði.

Umsókn var skilað til Landsmóts ehf í desember 2016. Þann 7. júlí 2017 á Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna sem haldið var á Hellu var skrifað undir samning við Rangárbakka um mótið 2020.

Viðstaddir voru fulltrúar sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu sem og fulltrúar allra hestamannafélaga á Suðurlandi frá Lómagnúpi að Hellsheiði.



F.v. aftari röð Hafþór Þorvaldsson fulltrúi Ljúfs, Guðmundur Birkir Þorkelsson fulltrúi Trausta, Gísli Guðjónsson fulltrúi Sleipnis, Ingvar Hjálmarsson fulltrúi Smára, Katrín Stefánsdóttir fulltrúi Háfeta, Freydís Örlygsdóttir fulltrúi Loga, Ólafur Þórisson fulltrúi Geysis, Vilborg Smáradóttir fulltrúi Sindra, Kristín Ásgeirsdóttir fulltrúi Kóps, Egill Sigurðsson Oddviti Ásahrepps og Sólrun Helga Guðmundsdóttir Vara-Oddviti Rangárbings ytra.

F.v. fremri röð Helga Ragna Pálsdóttir varaformaður Rangárbakka, Kristinn Guðnason Formaður Rangárbakka, Lárus Ástmar Hannesson Formaður LH, Jóna Dís Bragadóttir varaformaður LH og Gunnar Eiríksson stjórnarmaður Landsmóts ehf.

Landsmót hestamanna fór fram 3. – 9. júlí 2022 á Rangárbökkum við Hellu. Þegar lagt var af stað með verkefnið 2017 þá var sett ákveðið leiðarljós þ.e. að viðburðurinn skili fjárhagslegum ávinningi fyrir Rangárbakka og að viðburðurinn festi sig í sessi á Hellu til framtíðar. Þegar við fórum að undirbúa mótið á nýjan leik 2021 þá settum við okkur það markmið til viðbótar að 5000 manns myndu standa undir föstum kostnaði við mótið.

Í janúar 2019 var skrifað undir viðauka við samninginn frá 2017 þar sem samþykkt hafði verið að lækka það afgjald sem mótshaldara bar að greiða til LM ehf úr 11.500.000 í 7.000.000 kr.



Í apríl 2020 var svo tekin ákvörðun um að fresta mótinu til ársins 2022 vegna Covid-19 faraldursins sem síðar átti eftir að ná hámarki. Þá tók við vinna við að fella niður þá samninga sem gerðir höfðu verið og gekk það vel og allir tóku því af miklu jafnaðargeði sem síðar átti eftir að reynast mótinu vel.

Aðkoma sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu

Sveitarfélögin í Rangárvallasýslu studdu framkvæmd viðburðarins gríðarlega, Rangárþing ytra sínu mest. Gríðarlega mikilvægt fyrir viðburðinn var að finna þann velvilja sem ríkti hjá sveitarfélögunum og íbúum þeirra fyrir viðburðinum. Markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings ytra kom inn sem verkefnastjóri í hlutastarfi 2019 fyrir mótið 2020 og lögðu sveitarfélögin einnig til fjármagn sem liðkaði fyrir undirbúningnum. Starfsmenn sveitarfélaganna voru mjög liðlegir þegar kalla þurfti til aðstoð og reyndust gríðarlega vel og var sú aðstoð ómetanleg.

Landsmót hestamanna 2022

Á Landsmóti hestamanna á Hellu 2022 komu um 9000 gestir á aldrinum 0-96 ára, flestir voru á aldursbilinu 20-55 ára. Gestirnir sem keyptu miða á netinu komu frá 17 löndum, langflestir voru frá Íslandi en um 20% (1800 gestir) komu erlendis frá. Af erlendum gestum voru Þjóðverjar fjölmennastir, þá Danir og svo Svíjar. 70% gesta keyptu miða í forsölu og 30% keyptu miða á staðnum.



Dagskrá mótsins var sett upp með nokkuð hefðbundnu sniði en ákveðið var að bæta við fleiri greinum í Íþróttakeppni fullorðinna og var því áskorun að koma henni inn í dagskrá svo vel færi. Horft var til dagskrár á Hólum í Hjaltadal sem var sex daga mót og Landsmóts í Reykjavík sem var átta daga mót. Landsmótið á Hellu var sjö daga mót þrátt fyrir viðbótina og voru menn sammála um að vel hefði farið á því. Ágætis rými var í dagskránni og var það hugsað til þess að taka á óvæntum upþákomum ef þyrfti. Það reyndi svo sannarlega á það enda brast á með vonsku veðri aðfararnótt fimmtudags sem teygði sig inn á fimmtudaginn. Þá tók við endurskipulagning og var ákveðið að fella út hópreið sem og breyta formi á Setningarathöfn. Þetta hafði engin teljandi áhrif á mótið og dagskrá aðra daga hélst óbreytt.

Þegar undirbúningur fyrir Landsmót hófst á ný sumarið 2021 var leitað álits á því hvort Íslandsmót 2022 gæti farið fram samhliða Landsmóti hestamanna 2022. Til þess að það gæti orðið þurfti að fjölga greinum á Landsmóti og tók við föndur á dagskrá. Það að bæta við V1, F1, T2 og PP1 heppnaðist gríðarlega vel og sést það á áhorfstölum í streymi að mikill áhugi var á þessum greinum. Markmiðið með þessu var að gera fleirum kleift að taka þátt í viðburðinum, fleiri góð hross, fleiri knapar, fleiri úrslit og þar með meiri skemmtun fyrir áhorfandann. Við teljum að þessar greinar eigi heima á Landsmóti hestamanna.

Kynbótadómar og utenumhald þeim tengdum var á höndum RML. Eitthvað varð til þess að samskipti á milli mótshaldara og RML voru ekki eins lipur og við hefðum óskað. Gögn um þátttakendur bárust mjög seint sem gerði allan undirbúning óþarflega snúinn m.a. uppsetningu mótskrár sem leið fyrir. Dagskrárbreytingar bárust ekki alltaf til mótshaldara. Skerpa þarf á þessu samstarfi til framtíðar. Fyrir viðburðinn Landsmót væri æskilegast að allar sýningar kynbótahrossa yrðu tímasettar þannig að áhorfendur geti gengið að því sem vísu hvenær hvaða hross eru í braut.

Í aðdraganda Landsmóts var lögð mikil áhersla á það að fram færi verulega fjölmenn hópreið og var reglulega haft samband við hestamannafélögin í landinu til þess að impra á því. Undirtektir við þessum viðburði voru virkilega góðar og ef hópreið hefði farið fram þá hefði hún eflaust orðið sú lang fjölmennasta síðustu ár. Hinsvegar fór það svo að vegna vonsku veðurs urðum við að fella hana niður og þótti okkur það mjög miður.

Stjórnun og skipulag

Fyrir mótið sem var í undirbúningi fram til apríl 2020 var Eiríkur Vilhelm Sigurðarson framkvæmdarstjóri. Hann starfaði með verkefnastjórn og stjórn Rangárbakka. Þetta gaf ágæta raun

en ljóst var að verkefnaálagið krafðist þess að fleiri hendur kæmu að verkefninu sem myndu tileinka hluta af tíma sínum til þess.

Eftir að þráðurinn var tekinn upp að nýju var stjórnarfyriřkomulaginu breytt. Ákveðið var að mynda þriggja manna framkvæmdateymi og það yrði leitt af framkvæmdarstjóra. Það reyndist gríðarlega vel.

Lykilstarfsfólk

Óhætt er að fullyrða að samstarf þess hóps sem stóð að Landsmóti hestamanna 2022 var frábært. Hópurinn vann og stóð saman sem einn maður. Mikil reynsla af móta- og viðburðarhaldi var innan hópsins sem nýttist gríðarlega vel. Mannauðurinn á svæðinu var helsti styrkleiki viðburðarins.

Framkvæmdarstjóri:	Magnús Benediktsson
Framkvæmdastjórn:	Magnús Benediktsson Vilborg Smáradóttir Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Stjórn Rangárbakka:	Kristinn Guðnason, formaður Helga Ragna Pálsdóttir Vilborg Smáradóttir Sóley Margeirsdóttir Gústav Magnús Ásbjörnsson
Verkefnastjórn LM:	Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, formaður Vilborg Smáradóttir, fulltrúi Rangárbakka Gunnar Kristinn Eiríksson, fulltrúi LM ehf Katrín Ólína Sigurðardóttir, fulltrúi sveitarfélaga Gústaf Ásgeir Hinriksson
Mótstjóri:	Ólafur Þórisson
Vallarstjóri:	Kristinn Guðnason
Stjórnandi hópreiðar:	Þorvarður Helgason
Kynbótasýning:	Elsa Albertsdóttir
Yfirdómari Gæðingakeppni:	Jón Þorberg Steindórsson
Yfirdómari Íþróttakeppni:	Pjetur N. Pjetursson
Heilbrigðisskoðun:	MAST – Sigríður Björnsdóttir
Dýralæknir:	Dýralæknar Sandhólaferju

Fótaskoðun:	Sigurgeir Jóhannsson
Tölvuvinnsla:	Pórður Ingólfsson og Katla Gísladóttir
Gjaldkeri:	Vilborg Smáradóttir
Skrifstofa:	Sóley Margeirsdóttir Marta Gunnarsdóttir Eiríkur Vilhelm Sigurðarson Vilborg Smáradóttir
Tæknistjóri:	Hrannar Hafsteinsson
Rafmagn:	Raffoss ehf
Upptökur:	Alendis
Hljóðkerfi og skjáir:	SONIK
Fjölmíðlar:	Sóley Margeirsdóttir
Starfsmannastjórar sjálfbóðaliða:	Gústav Magnús Ásbjörnsson Guðný H. Indriðadóttir
Ljósmyndari:	Óðinn Örn Jóhannsson og Ólafur Ingi Ólafsson
Markaðssetning viðburðar:	Ysland (Jón Gunnar Geirdal og Birkir Einarsson)
Markaðssvæði:	Sýningarkerfi ehf Vilborg Smáradóttir
Gæsla:	Iceland Security
Veitingar:	Laugaás ehf
Sala auglýsinga:	Herdís Karlsdóttir og framkvæmdastjórn.
Ræktunarbússýningar:	Skrifstofa

Fyrir framtíðar Landsmótshald þarf að skerpa á hlutverki skrifstofu Landssambands hestamanna gagnvart viðburinum s.s. samskipti við ráðamenn og alþjóðlega hestaheiminum (FEIF). Einnig þarf að liggja fyrir í tíma hvaða skyldur hvíla á mótshaldara vegna styrktaraðila Landssambandsins. Upplýsingaflæði til mótshaldara þegar honum er afhentur viðburðurinn þarf að vera öflugra.

Hvað varðar það hvað betur gæti farið við stjórnun móts sem þessa er að fá inn fleiri lykilaðila til þess að sinna einstökum verkþáttum sem þá hefðu ekki önnur hlutverk. T.d. verðlaunaafhendingu, umsjón með markaðstjaldi, samskipti við fjölmiðla o.fl.

Mótssvæði/Framkvæmdir

Við búum afskaplega vel að því að hve svæðið er mikið notað alla jafna og hefur verið byggt upp m.t.t. stórmótahalds allt frá árinu 1994 og eflst í hvert skipti.



Teikning sem sýnir yfirlit aðstöðu á Landsmóti 2022



Yfirlitsmynd af Rangárbökkum frá árinu 2021. Á myndinni má sjá vallaraðstöðuna, reiðhöll, stóðhestahús, fyrirhugað hesthúsasvæði, áhorfendabrekku, bílastæði og hluta af tjaldsvæðum.

Fyrir mótið 2022 var keyrt efni í keppnisvelli, lagður ljósleiðari um 250m leið og kantar snyrtir við velli. Farið var allt rafkerfi svæðisins og það kortlagt. Í aðdraganda mótsins var aðstaðan í Rangárhöllinni efld með því að steypar voru stéttir beggja vegna sem nýttust sem aðstaða þegar að mótinu kom, anddyrið í Rangárhöllinni fékk upplyftingu sem varð til þess að þar varð úrvals aðstaða fyrir starfsmenn og knapa. Stóri völlurinn var grjóthreinsaður og ennþá meira var lagt uppúr slætti og almennri fegrun svæðisins.

Rekstrarniðurstöður og samanburður við fyrri mót

Þegar þetta er skrifað í maí mánuði 2023 þá liggur fyrir rekstrarleg niðurstaða mótsins og ársreikningur Rangárbakka fyrir árið 2022. Hér er tekin saman rekstrarleg niðurstaða viðburðarins í heild frá því lagt var af stað haustið 2021.

Rekstrarforsendur mótsins voru nokkuð óvenjulegar þar sem heimsbyggðin var að komast út úr COVID ástandi sem ríkt hafði árin á undan og varð til þess að mótinu var frestað um tvö ár. Gríðarleg áhersla var lögð á það í undirbúningi þessa viðburðar að hann kæmi út í hagnaði og eins varlega og kostur var á hverjum tíma stigið til jarðar vegna þess að mikil óvissa var um ásókn þar sem COVID teygði sig inn á árið 2022. Það er dagljóst að stjórn og starfsfólki LM2022 tókst að ná þessu markmiði og er staða Rangárbakka gjörbreytt frá því sem áður var.

Hér á eftir verður fjallað um helstu tekjuliði og helstu gjaldaliði í rekstri Landsmóts á Hellu 2022 og með fylgja hugleiðingar framkvæmdateymis um það hvað hefði mátt betur fara í rekstri mótsins. Eins verður í einhverjum tilfellum fjallað um samanburð við rekstur Landsmóts 2018 og 2016.

Tekjur

Tekjuöflun – miðasala

Sú ákvörðun var tekin við undirbúning mótsins að 5000 miðar út frá mögulegu meðalmiðaverði þyrfti til að standa undir áætluðum kostnaði við mótið. Það þýddi að miðaverð hækkaði töluvert (25%) frá mótinu á undan enda voru fjögur ár á milli móta. Aðeins fleiri miðar voru seldir á mótið 2022 en mestu máli skipti að hærra miðaverð skilaði sér í auknum tekjum fyrir miðasölu.

Sölutímabil	5.11.2021 – 2.2.2022	3.2.2022- 1.5.2022	1.5.2022-14.6.2022	15.6.2022
Vikupassi fullorðnir	19.900 kr	21.900 kr	24.900 kr	29.900 kr
Vikupassi 14-17 ára	9.900 kr	10.900 kr	10.900 kr	10.900 kr
Vikupassi 0-13 ára	- kr	- kr	- kr	-
Helgarpassi	n/a	19.900 kr	21.900 kr	24.900 kr
Dagmiði sun-mið	n/a	4.900 kr pr. Day	4.900 kr	4.900 kr
Dagmiði fimmtudag	n/a	7.900 kr	9.900 kr	9.900 kr
Dagmiði föstudag	n/a	9.900 kr	9.900 kr	9.900 kr
Dagmiði laugardag	n/a	9.900 kr	9.900 kr	10.900 kr

- Forsala fyrir mótið gekk hægt framanaf en glæddist mjög þegar nær dró móti.

- Líkt og áður á Landsmótum voru aðgöngumiðar seldir í hliði. Það kom mótshöldurum að óvart að um 30% af miðasölu viðburðarins fór fram á mótstað.		2022	2018	2016
	Vikupassar	3572	4078	3778
	Helgarpassar	1103	1188	1095
	Samtals dagmiðar	2940	2014	1402
	Samtals seldir miðar	7615	7280	6275
	Börn, áætlað	1000	900	800
	Starfsmenn + boðsmiðar	350	900	800
- Alls voru seldir 2940 dagmiðar á mótið á Hellu sem er 46% aukning á	Áætlaður heildarfjöldi gesta	8965	9080	7875
	Heildarinnkoma frá miðasölu	95.597.642 kr	78.769.275 kr	71.825.120 kr

sölu dagmiða frá mótinu 2018 og er það ákveðin breyting í hegðun á miðakaupum.

- Í heildina voru seldir miðar af öllum tegundum 7615 á Hellu sem er fjölgun um 335 miða frá mótinu í Reykjavík sem er óverulegt.
- Heildarinnkoma frá miðasölu var hinsvegar töluvert ólík en hún jókst um 21% frá mótinu í Reykjavík.
- Ákveðið var snemma í undirbúningsferlinu að semja við tix.is um miðasölu þar sem það fyrirtæki annaðist sölu á miðum fyrir síðasta Landsmót, gerði það mjög vel og bauð mjög hagstæðan samning. Allt samstarf við fyrirtækið gekk með miklum ágætum og engar kvartanir bárust yfir þjónustu þeirra.
- Tjaldsvæðareitir með aðgengi að rafmagni voru seldir fyrir um um 8,5 m.kr, eða um 380 stæði. Það er veruleg aukning frá mótinu í Reykjavík en nokkuð sambærilegt mótinu á Hólum þar sem tekjur vegna þessa voru 7.3 m.kr. Sala á tjaldsvæðum með rafmagni eftir að mótið hófst var óveruleg.

Tekjuöflun – aðrar tekjur

- Skráningargjöld á mótið skiluðu um 12.8 m.kr. samanbórið við 6.3 m.kr. í Reykjavík. Þessi gríðarlega aukning skýrist af fleiri keppnisgreinum (íþróttakeppni) og að tekjur vegna kynbótahrossa fóru allar í gegnum mótið.

- Við söfnun styrktaraðila og sölu auglýsinga var farið af stað með aðra nálgun en undanfarin mót en í upphafi var lögð áhersla á stóra styrktarsamninga. Það gekk gríðarlega vel og var búið að ganga frá mörgum samningum í aðdraganda mótsins 2020. Við vorum gríðarlega þakklát þeim stóru styrktaraðilum sem stóðu með okkur fram að móti 2022.
- Þegar nær dró mótinu 2022 fóru framkvæmdarstjóri og Herdís Karlsdóttir af stað og söfnuðu auglýsingum. Það gekk virkilega vel og skiluðu auglýsingar svipaðri upphæð og 2018.
- Stærri styrkir frá fyrirækjum og ríki vógu verulega þungt inn í tekjuöflun enda náðust stórir styrktarsamningar við 10 lykilaðila sem skiptu okkur gríðarlegu máli í rekstri mótsins. Þessi fyrirtæki eru:
 - Arion Banki
 - Bláa Lónið
 - Boli / Ölgerðin
 - BYKO
 - Icelandair
 - KS
 - SS
 - Sumarliðabær
 - OLÍS
 - 66° Norður
- Heildartekjur frá styrktaraðilum og auglýsendum voru um 47 m.kr. sem er umtalsvert hærri upphæði en á síðasta Landsmóti þar sem þær voru um 22 m.kr. Munar þar mest um fjölgun stórra styrktarsamninga.
- Innkoma frá veitingaaðilum og einkaleyfi á sölu drykkja á svæðinu skilaði 1.5 m.kr. auk gríðarlegs framlags til mótsins sem ekki er hægt að festa hendi á. Ný nálgun varðandi samning um sölu veitinga gerir það að verkum að þessi liður er ekki samanburðarhæfur.

Gjöld

Heildarkostnaður við Landsmót á Hellu var rétt um 141 m.kr. Þá eru meðtaldar þær framkvæmdir sem þurfti að fara í fyrir mótið sem þó voru óverulegar. Heildarkostnaður 2018 og 2022 er mjög svipaður þó kostnaðarliðir breytist aðeins á milli móta.

Kostnaður við stjórnun mótsins

- Stjórnun mótsins kostaði 58.7 m.kr. sem er töluvert hærri en á mótinu í Reykjavík. Í þennan flokk falla öll laun, allur annar starfsmannakostnaður og allur kostnaður við rekstur

skrifstofu, hönnun og skipulag mótssvæðis og fleira í þeim dúr. Þessi liður er 80% hærri en í Reykjavík og munar þar mestu um endurgreiddan VSK uppá um 14.5 m.kr inni þessa tölu kemur sem mótið þurfti að greiða þar sem tekjur af miðasölu eru án VSK og því hlutfallast það sem greitt er, fleiri starfsmenn fengu greitt en áður hefur verið, mótið greiddi laun RML sem ekki hefur verið áður, gisting starfsfólks var töluvert hærri en í Reykjavík. Rangárbakkar önnuðust rekstur mótsins frá A-Ö líkt og mótið í Reykjavík gerði.

Uppsetning mótssvæðis og aðstöðu

Uppsetning mótsvæðis og aðstöðu varð töluvert lægri en á Landsmótinu 2018. Það sannaðist hið margkveðna að mannauður hvers svæðis skiptir gríðarlegu máli. Uppsetning tjalda er umfangsmikið verkefni sem dróst um einn dag sökum veðurs sem varð til þess að teymið sem tekið hafði verkefnið að sér hafði ekki tök á því. Þá voru góð ráð dýr og hringdir voru út knapar svæðisins og það var einsog við manninn mælt að allir lögðust á eitt og tjöldin ruku upp eitt af öðru. Flutningskostnaður varð óverulegur vegna styrktarsamnings við Samskip sem kom sér mjög vel fyrir rekstur mótsins. Rafvirkjarnir í Raffoss á Hellu sáu um öll rafmagnsmál á mótinu og leystu það af mikilli snilli. Með aðstoð mannauðs svæðisins vannst uppsetning mótsvæðis og aðstöðu gríðarlega vel.

Uppsetning og rekstur tækniherfa

Hér eru kostnaðarliðirnir leiga á búnaði og vinna sérfræðinga sem þeim fylgja. Þetta eru hljóðkerfi, risaskjáiir og Led skilti frá SONIK. Kostnaður við kerfin frá SONIK var rúmar 11 m.kr. Einnig var ráðinn tæknistjóri sem leigði einnig til mótsins búnað og vagna.

Rekstur mótsvæðis

Kostnaður við þennan lið var heldur lægri en á síðasta móti eða 46 m.kr. í stað 53 m.kr. Það eru gríðarlega margir kostnaðarliðir sem falla undir rekstur mótsvæðis en stærstu kostnaðarliðurinn er hreinlætisvörur og salerni um 13 m.kr., gæsla 7 m.kr, leyfisgjöld og löggæsla um 2 m.kr., Dómarar 3,5 m.kr. Hér er ekki mikið svigrúm til hagræðingar.

Rekstur viðburðar

Rekstur viðburðarins gekk vel og erfitt að sjá einstaka kostnaðarliði þar sem hægt er að spara verulegar fjárhæðir.

Hafa þarf mjög ofarlega í huga fyrir þá sem standa að undirbúningi slíks viðburðar sem Landsmót er að sína aðhald á öllum tímum. Til þess að spara kostnað lögðum við upp með tvískiptan viðburð, fyrri hlutinn (sunnudagur til miðvikudagur) var venjulegur íþróttaviðburður en seinni hlutinn (fimmtudagur til laugardagur) var útihátíð. Þetta gaf góða raun í undirbúning og framkvæmd og verulegir fjármunir spöruðust. Vandaður undirbúningur og gott skipulag skilar góðri rekstrarniðurstöðu.

Kostnaður við rekstur Landsmóta virðist ekki vera verulega sveiflukenndur svo allir aðilar þurfa að huga að því til framtíðar að byggja upp orðspor Landsmóta því miðasalan er aðal tekjulind viðburðarins og því tryggari sem hún getur orðið því öruggari geta mótshaldarar verið í undirbúningi.

Heildarniðurstaða

LM2022	Rekstrarniðurstaða 2022	Samanburður við 2018
Tekjur		
Miðasala Landsmót	95.597.642 kr	78.769.275 kr
Tjaldsvæði	8.478.500 kr	1.628.900 kr
Auglýsingar	6.146.572 kr	6.286.980 kr
Styrkir	40.930.000 kr	26.363.490 kr
Markaðssvæði	4.337.047 kr	3.354.524 kr
Veitingasala	1.500.000 kr	4.685.563 kr
Þátttökugjöld	12.847.761 kr	6.262.047 kr
Annað		7.953.963 kr
Sjónvarpsréttur	3.500.000 kr	
Samtals tekjur	173.337.522,00 kr	135.304.742 kr
Gjöld		
Kostnaður við stjórnun mótsins	58.753.818 kr	30.737.634 kr
Uppsetning mótssvæðis og aðstöðu	9.393.754 kr	15.492.342 kr
Uppsetning og rekstur tæknikerfa	14.108.997 kr	15.630.629 kr
Rekstur mótssvæðis	43.612.069 kr	52.943.479 kr
Sjónvarpsútsending	- kr	5.173.654 kr
Markaðssetning	8.347.136 kr	12.094.083 kr
Þóknun til LM ehf.	7.000.000 kr	6.240.000 kr
Samtals gjöld	141.215.774,00 kr	138.311.821 kr
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir skatta	32.121.748,00 kr	- 3.007.079,00 kr

Sjónvarpsútsending

Skoðaðir voru allir möguleikar á fyrirkomulagi sjónvarpsútsendingar.

Leitað var eftir samstarfi við RÚV en vegna EM kvenna í fótbolta lá það strax fyrir að RÚV hefði engin tök á að sýna beint frá mótinu. Enga að síður var RÚV sýnilegt á mótinu með Huldu G. Geirsdóttur í broddi fylkingar og var það vel þegið og voru 11 innslög í fréttir/íþrótt fréttir RÚV.

**Merkimiði**

FréttirÚtvarpSjónvarp



Landsmót hestamanna



Aðrar íþróttir
Óvæntir hástökkvarar á lokadegi Landsmóts



Aðrar íþróttir
Árni Björn töltmeistari í fjórða sinn



Aðrar íþróttir
Elvar með fyrsta gullið á Landsmóti hestamanna



Veður
Keppni frestað og hópreið aflýst



Landsmóti frestað vegna veðurs



Hestar
Sviptingar í milliriðlum



Hestar
Stúlkurnar sterkastar í yngri flokkunum



Hefur mætt reglulega á Landsmót síðan 1962



Hestar
Ljósvalki og Þráinn leiða í keppni þeirra bestu

Leitað var eftir tilboði frá þeim þjónustuaðilum sem bjóða uppá það að setja upp útsendingar frá viðburðum á stærðargráðu Landsmóts hestamanna. Ljóst varð að ef mótshaldari ætlaði að standa að þessu sjálfur þá væri það veruleg fjárhagsleg áhætta fyrir mótshaldara.

Tekið var upp samtal við ALENDIS sem sýndi því gríðarlegan áhuga á að fá að sýna beint frá mótinu. Að endingu náðist samkomulag við ALENDIS um að þeir greiddu þóknun til Rangárbakka en í staðinn


innheimtu þeir allar tekjur af áskrift að streymi. Þetta fyrirkomulag tókst vel og voru báðir aðilar gríðarlega ánægðir með samstarfið.

Áhorf á sjónvarsþútsendingu

Samkvæmt áhorfstölum frá ALENDIS þá hefur áhorf á streymi frá Landsmóti aldrei verið jafn mikið.

- Heildaráhorf í klukkutímum eru rúmir 25.000 klst.
- 2500 aðgangar horfðu á þessum tíma.
- Áhorfendur komu frá 42 löndum en þó langflestir frá Íslandi.

Áhorf á streymi Alendis



Alendis afhentu okkur ítarleg gögn um hversu mikið var horft á hverja grein og greinast þær tölur í annarsvegar hversu lengi var horft á hverju grein í sekúndum og hinsvegar hversu margir horfðu á einhverjum tímapunkti. Í áhorfstölum er búið að leggja saman ef boðið var upp á fleiri en eina útsendingu vegna mismunandi tungumála.

Ef horft er til þess hvað var vinsælast í sekúndum þá skiptist það svona

Viðburður	Áhorf í sek	Stök áhorf
1 A úrslit (B&A-Flokkur)	7.757.530	1.820
2 A úrslit (T2, V1 & F1)	5.927.511	2.058
3 T1 Tölt Forkeppni	4.869.941	1.835
4 T1 A-úrslit og Ræktunarbú	4.229.870	1.306
5 A-flokkur milliriðlar	4.076.522	1572
6 V1 Forkeppni	3.139.810	1.065
7 B-flokkur milliriðlar	2.884.839	727
8 A-flokkur forkeppni	2.839.273	901
9 B-flokkur forkeppni	2.831.797	701,5
10 Yfirlit 5v Stóðhestar	2.706.349	1.286

Ef horft er til þess hvað var vinsælast í stökum áhorfum þá skiptist það svona

Viðburður	Áhorf í sek	Stök áhorf
1 A úrslit (T2, V1 & F1)	5.927.511	2.058
2 T1 Tölt Forkeppni	4.869.941	1.835
3 A úrslit (B&A-Flokkur)	7.757.530	1.820
4 A-flokkur milliriðlar	4.076.522	1572
5 B-úrslit - Íslensk lýsing	2.638.995	1.321
6 T1 A-úrslit og Ræktunarbú	4.229.870	1.306
7 Yfirlit 5v Stóðhestar	2.706.349	1.286
8 V1 Forkeppni	3.139.810	1.065
9 Yfirlit 4v Stóðhestar	2.678.682	984
10 T2 Tölt forkeppni	2.177.120	910

Mismunandi niðurstaða skýrist eflaust m.a. af tímalengd viðburða en ljóst er að tilkoma íþróttakeppninnar styrkir viðburðinn og áhorf í streymi á þá viðburði er á pari við áhorf á gæðingakeppnina

Áhugavert væri að kafa ítarlegar í þessar upplýsingar m.t.t. á hvaða tíma viðburðirnir fóru fram og hvort það hafi sýnileg áhrif. Niðurbrot á áhorfi eftir viðburðum er aðgengileg hjá mótshaldara sé eftir því kallað.

Þessu til viðbótar sýndi Alendis beint frá mótinu án endurgjalds í gegnum sjónvarpsstöðina Stöð 2 Vísir. Þar var mótið í beinni útsendingu frá kl. 17:00-20:00 mánudag til föstudag. Áhorf á þessa útsendingu í sjónvörpum landsmanna var frá 7000-11.000 áhorf, mest á fimmtudeginum þegar brast á með óveðri. Að auki voru um 1.000 manns sem horfðu á í gegnum www.visir.is

Markaðssetning

Lagður hafði verið góður grunnur að mótinu 2022 með öflugri markaðssetningu fyrir Landsmót hestamanna 2020. Þá var m.a. farið á heimsmeistaramót í Berlín, samstarf við Horses of Iceland, samstarf við Eiðfaxa, greinaskrif um Landsmót og öflug samfélagsmiðla markaðssetning í samstarfi við SAHARA. Sú markaðssetning skilaði því að seldir voru 1500 miðar í forsölu á Landsmót sem ekki voru endurgreiddir fyrir mótið 2022.

Til þess að halda utan um markaðssetningu mótsins 2022 var gerður samningur við Jón Gunnar Geirdal / Ysland. Jón Gunnar hafði með sér Birki Einarsson og settu þeir upp kynningarefni fyrir mótið. Gerður var samningur við Ysland um sölu áfengra drykkja á viðburðinum svo Ysland hafði verulegan ávinning af því að mótið yrði fjölmennt, hver einasti gestur skipti hann máli.

Lögð var töluverð áhersla á að gera mótið sýnilegt á fjölförnum stöðum og voru m.a. keyptar auglýsingar á strætó skýlum og „billboards“ á höfuðborgarsvæðinu. Einnig var lögð gríðarlega mikil áhersla á útvarp í samstarfi við Ölgerðina sem er talið hafa skilað sér vel. Banner á Eiðfaxa og EYJA, Auglýsingar í erlendum miðlum bæði prent og net sem og Samstarf við IPZV.

Landsmótslagið var samið og var það kynnt hjá Gísla Marteini á föstudagskvöldi á RÚV sem skilaði viðburðinum gríðarlegri athygli.

Í auglýsingum voru notuð nokkur slagorð sem heppnuðust vel og vísuðu í eldri mót sem haldin hafa verið á Hellu s.s. „Með frelsi í faxins hvin“ og „Rangárbakkar munu duna af hófaslætti“. Aðal slagorð mótsins þegar á leið varð þó „Loksins Landsmót“ sem vísaði til þess að fjögur ár höfðu liðið frá því síðasta Landsmót var haldið og margir orðnir óþreyjufullir eftir því að komast á Landsmót.

Fjölmiðlar

Samskipti við fjölmiðla voru hefðbundin. Aðstaða fjölmiðla var úrvalsgóð. Upplýsingagjöf var góð og mikil umfjöllun um mótið. Bylgjulestin var á staðnum heilan dag, bein útsending í kvöldfréttum RÚV og fleira.

Hvað gekk vel ?

- Miðlun upplýsinga var góð. Aðstaða fyrir starfsfólk, matur og aðkoma var mjög góð.

Hvað má fara betur ?


- Samstillta má viðburði betur á milli valla og tryggja þarf upplýsingaflæði til fjölmiðlafólks.
- Möguleiki á læstum hirslum fyrir blaðamenn svo þeir geti gengið áhyggjulausir í pásur.
- Blaðamenn þurfa að eiga möguleika á svipaðri aðstöðu og starfsmenn m.t.t. veitinga.
- Mikilvægt er fyrir viðburðinn að hafa starfandi Fjölmiðlafulltrúa með það hlutverk á mótinu að segja sögu mótsins frá viðburðarhöldurum og stýrir umfjöllun um viðburðinn til fjölmiðla.

Það sem er orðið ennþá sterkara á mótinu 2022 en á fyrri mótum er að allir eru orðnir fjölmiðlar. Það gerir að vísu líka mótshöldurum erfiðara um vik að stýra umfjöllun. En með því er átt við að allir búa til fréttir á sínum einkamiðlum.

Mótið var mjög sýnilegt.

Sjálfbóðaliðar

Mót sem þetta treystir á mikla vinnu sjálfbóðaliða, bæði í undirbúningi og framkvæmd, og líklegt er að án þeirra geti þau ekki staðið undir sér í núverandi mynd. Auglýst var eftir sjálfbóðaliðum annars vegar á fundi með formönnum hestamannafélaga, í tölvupóstum til þeirra, á heimasíðu mótsins og þegar á leið gátu sjálfbóðaliðar skráð sig í formi á heimasíðunni, sem reyndist besta fyrirkomulagið.




Alls skráðu 143 sjálfbóðaliðar sig á mótið. Þá boðuðu 23 forföll fyrir mót og 14 á meðan móti stóð. Að baki lágu ýmsar ástæður eins og gengur og gerist, í flestum tilvikum ófyrirséðar. Tveir sjálfbóðaliðar mættu á mótið, tóku 2 vaktir og létu ekki ná í sig meir. Þegar upp var staðið þá skiluðu almennir sjálfbóðaliðar á bilinu tveimur til átta vöktum og að meðaltali 5,1 vakt hver. Eins og áður sagði þá var miðað við að hver sjálfbóðaliði skilaði sex vöktum en í svo stórum hópi þá er nær óhjákvæmilegt að ekki komið eitthvað upp á, t.d. veikindi, sem verður til þess að ekki er hægt að taka allar vaktir. Nokkur þeirra sem ekki náðu að skila fullum fjölda vakta á meðan mótinu stóðu aðstoðuðu í aðdraganda þess eða á sunnudegi eftir mótið.

Lagt var upp með að hver sjálfbóðaliði myndi skila fimm fjögurra klukkustunda vöktum, þegar á reyndi var mannaþörfin aðeins meiri en við höfðum gert ráð fyrir og hefði því þurft ca. 160 sjálfbóðaliða í heildina að riturum meðtöldum. Til þess að manna allar vaktir nægilega þurfti því að fjölga vöktum upp í sex. Nokkrir sjálfbóðaliðar tóku þátt en vildu fyrirfram skila færri vöktum eða taka tiltekna daga (og fóru ekki fram á að njóta fríðinda sjálfbóðaliða).

Sjálfbóðaliðar á mótinu voru til fyrirmyndar í framkomu og verkum og ávallt reiðubúin að aðstoða og hliðra til vöktum og störfum eftir þörfum. Andinn meðal þeirra var mjög jákvæður og kvartanir í

lágmarki. Þá virtist fjögurra klst. vaktirnar mælast vel fyrir. Þær kalla þó á meiri vinnu þeirra sem sjá um vaktaplanið, þar sem vaktaskipti eru oftár og fleira fólk sem er daglega á vakt.

Samskipti við sjálfboðaliða í aðdraganda móts fóru fyrst og fremst fram í gegn um sjalfbodalidi@landsmot.is. Reynt var að gæta að því að þau væru regluleg. Þó hefðu þau mátt vera betri til þeirra sem skráðu sig í gegn um form á landsmot.is. Senda þarf svar sem fyrst um hvort umsókn hafi verið samþykkt, en það hefði þurft að gera oftár.



Sjálfboðaliðar fengu sent vaktaplan á .pdf formi í tölvupósti á föstudagskvöldi fyrir mót. Allnokkur höfðu óskað eftir því að það hefði verið sent fyrr og var þá fyrst og fremst um að ræða fólk sem þurfti að hliðra til vegna vinnu eða kom erlendis frá. Sjálfboðaliðar gátu í umsókn sett fram óskir um vaktir, t.d. fyrir eða eftir hádegi eða ákveðna daga, og brugðist var við öllum óskum sem bárust. Nokkur atriði stýrðu því að ekki tókst að senda vaktaplan út fyrr en aðallega skýrðist seint hvaða störf sjálfboðaliðarnir ættu að vinna s.s. óvissa um vaktir á neyðarhliði, vinna við fyrirkomulag þrifa og barnagæslu og drög á útsendingu dagskrár mótsins.

Sjálfboðaliðar fengu verklýsingu senda út á tveimur tímapunktum, þá fyrri á meðan mótið var keyrt á tveimur völlum og seinni þegar dagskrá var kominn á einn völlum. Þegar seinni verklýsingin var send út var tækifærið nýtt til að pússa af vankanta, t.d. við umferðarstjórn. Nauðsynlegt er að sjálfboðaliðar hafi hvoru tveggja alltaf aðgengilegt, vaktaplan og skriflega verklýsingu.

Þjónusta við mótsgesti

Öryggi: Löggæsla, sjúkragæsla og brunavarnir

Þegar sótt var um leyfi til útihátíðar til Lögreglunnar lögðum við mikla áherslu á að viðburðurinn væri tvískiptur. Annarsvegar værum við með forkeppni þar sem færri gestir væru á staðnum frá sunnudegi til miðvikudags en hinsvegar væri mesti þungi gesta á fimmtudegi til sunnudags.

Þessi rök keyptu lögregla og sýslumaður sem varð til þess að hófsamari kröfur voru gerðar til mótshaldara fyrstu daga viðburðarins.

Samstarf við alla gekk frábærlega og voru nokkrir fundir haldnir í undirbúningi viðburðarins allt frá janúar 2022. Þessir fundir sköpuðu traust og urðu til þess að allt samstarf gekk eins og í sögu.

Gæsluaðili viðburðarins, Iceland Security, með Jens Andra Fylkisson í broddi fylkingar var okkur gríðarlega mikilvægur og var hann samstarfsfús og úrræðagóður. Kostnaður við gæslu varð heldur meiri en við höfðum gert ráð fyrir en engi að síður sanngjarn þar sem við keyptum meiri þjónustu en í upphafi stóð til. Í gæslu, með gríðarlegu skipulagi, gefst tækifæri til þess að spara fjármagn.

Brunavarnir Rangárvallasýslu leiðbeindu mótshöldurum fyrir mót t.d. hvað varðar uppsetningu á tjaldsvæði og flóttaleiðum. Einnig lögðu þeir línurnar hvað varðar merkingar og brunavarnir í risa tjöldunum. Eins og annað samstarf þá fannst okkur þetta sanngjarnar kröfur sem við uppfylltum í einu og öllu.

Sjúkrabíll var staðsettur á staðnum seinnipart fimmtudag til laugardags og fram eftir nóttu. Sjúkraflutningamenn höfðu aðstöðu með öðrum starfsmönnum mótsins en gátu leitað á heilsugæsluna á Hellu ef þá vanhagaði um eitthvað. Aðra daga var sjúkrabíll í viðbragðsstöðu á Hellu/Hvolsvelli.

Hvað gekk vel ?

- Gæslan á staðnum kom að ýmsum verkefnum sem var ómetanlegt.
- Samstarf við viðbragðsaðila var hnökralaust.

Hvað mátti betur fara ?

- Girðingar umhverfis viðburðinn höfðu verið settar saman með plast ströppum og gaf það ekki góða raun þegar á reyndi því óprúttir gestir hikuðu ekki við að klippa þá í sundur og svindla sér inn. Það var þó leyst með gæslu á staðnum.

Snyrtingar og hreinlæti

Svæðið býr svakalega vel að því að gríðarlegt magn salerna er til staðar. Við ákváðum að fara þá leið að snyrtingar voru fengnar hjá ÍGF og Svörtu Perlunni. Svarta Perlan átti salernishús sem bauð uppá vatnssalerni og vakti mikla lukku á mótsstað.

Verðandi 10. bekkur á Hellu og foreldrar þeirra sáu um þrif innan mótssvæðis, umsjónarmenn tjaldsvæðis á tjaldsvæðum og starfsmenn veitingasölnunnar í Rangárhöllinni sáu um salerni þar.

Svæðið var glæsilegt allan mótstímann og umtalað hvað snyrtingarnar voru hreinar.

Hvað gekk vel ?

- Þrif gengu frábærlega undir öflugri verkstjórn foreldra verðandi 10. bekkjar

Hvað mátti betur fara ?

- Rusl frá veitingaaðilum hefði þurft að verða aðgengilegra og hægt að tæma oftar að deginum til.

Umferðarskipulag

Umferðarskipulag hefur aldrei gengið eins vel á Hellu en þó eru enn tækifæri til þess að gera betur.

Tekin var ákvörðun um það mjög snemma í undirbúningi mótsins að engir gestir yrðu stöðvaðir í bílum sínum heldur yrði gestum gert kleift að leggja bílum og fara svo gangandi í hlið inn á mótsvæðið. Knapar gátu lagt á knapasvæði



Merkingum var aðeins ábótavant í upphafi móts þar sem afhendingu þeirra seinkaði en það leystist fljótt og vel úr því og starfsmenn og sjálfbóðaliðar mótsins áttu heiður skilinn fyrir vel leyst verkefni í þeim málum.





Hvað gekk vel ?

- Umferðarstjórnun og umferð út á þjóðveg 1 rann vel og engar óeðlilegar tafir urðu.

Hvað hefði mátt fara betur ?

- Hægt er að stjórna ennþá betur umferð út af aðalbílastæði því leiðir út af bílastæði eru svo margir en það er þó verulega mannfrekt að manna þær allar.
- Hægt hefði verið að stjórna umferðinni enn betur út af tjaldsvæðinu á sunnudagsmorgni.
- Hafa þarf a og b bílastæði fyrir hreyfihamlaða. B svæði er fyrir þá sem þurfa komast nær en geta komist ferða sinna. A svæði fyrir þá sem horfa þurfa á úr bílum.
- Bílar á því stæði sem gert var fyrir hreyfihamlaða stofna gestum í brekkunni í verulega hættu ef eitthvað kæmi fyrir og þeir rynnu fram af brekkunni. Brugðist var við þessu um leið og ábending barst með því að setja gríðarstóra staura fyrir í brekkuna.

Tjaldsvæði

Tjaldsvæðin urðu að einni stærstu áskorun mótahaldsins. Á Hellu seldum við 380 stæði sem gera að lágmarki 380 einingar sem þurftu rafmagn. Allt gekk vel framanaf en þegar óveður og kuldi brast á aðfararnótt fimmtudags varð allt erfiðara. Aðfararnótt fimmtudags var ansi strembin. Sem betur fer var öflugt starfslið frá Iceland Security komið til okkar og gátu þeir aðstoðað okkur við að koma skilaboðum til gesta um að fara sparlega með rafmagn sem var engin óskastaða.

Þegar þessi mál ganga ekki 100% upp þá fer að bera á óánægju meðal gesta enda hafa þeir engan kost á að færa sig annað og hafa greitt fyrir ákveðna þjónustu.

Við töldum að rafmagnið væri nægt enda hafði það gengið nokkuð áfallalaust á mótinu 2014. Staðreyndin er hinsvegar sú að ferðavagnar eru farnir að taka mun meira rafmagn en þeir gerðu þá. Krafan í samning segir 630 Amper og uppfylltum við það og gott betur. 380 einingar geta hinsvegar fræðilega tekið $16A \times 380 = 6080A$ og er fræðilega ómögulegt að ná því.

Þrátt fyrir allt þá voru það einungis 28 hýsi sem misstu rafmagn í um 5 klst.

Tjaldsvæði voru á fimm aðskildum svæðum og hafði hvert svæði aðgang að vatni og salerni. Aðeins var rafmagn á þremur af fimm.



Hvað gekk vel ?

- Áráðni og samheldni hópsins skipti hér gríðarlegu máli og það tókst að leysa úr öllum þeim áskorunum sem upp komu.
- Merkingar gengu upp.
- Salerni voru til staðar á öllum svæðum.


Hvað má betur fara ?

- Skilgreina þarf ennþá betur hvað hvert hýsi fær af rafmagni og það þarf að vera hægt að setja það fram á „mannamáli“.
- Merkja þarf tjaldsvæðið mun fyrr en gert var á mótinu. Vinnan við það var vanmetin og farið of seint af stað.
- Enginn hafði búið sig undir það að gestir myndu mæta á tjaldsvæðið mörgum dögum fyrir mót þó það sé auðvitað skiljanlegt en tjaldsvæðið hafði einungis verið selt frá sunnudegi til sunnudags. Þetta skapaði flækju þar sem annar rekstaraðili var með tjaldsvæðið fram að sunnudeginum. Því þurftu gestir sem mættu snemma að taka upp ferðavagna og færa þá í - það pláss sem þeir höfðu keypt vegna landsmóts.
- Töluvert var um að fleiri en ein eining reyndi að setja sig á hvern reit, en lágmarkstærð þeirra og bil á milli húsa þarf að vera tiltekið vegna brunavarna.
- Akstursleiðir þyngdust og bera þurfti í vegna gríðarlegrar rigningar á fimmtudeginum. Hægt hefði verið að undirbúa það áður en staðreyndin hinsvegar sú að ef þurrt hefði verið í veðri þá hefði þess ekki þurft.



Matsala

Við lögðum upp með það að við vildum að á Landsmóti hestamanna 2022 yrði boðið uppá góðan og fjölbreyttan mat á viðráðanlegu verði.



Kröfur okkar voru eftirfarandi.

Veitingatjald: Í veitingatjaldi þarf að vera fjölbreytt úrval af veitingum sem hægt er að afgreiða hratt á álagstímum. Á kvöldin þarf að vera hægt að breyta veitingatjaldi í skemmtistað.

Vagnatorg: Fjölbreytt úrval af mat, annað en það sem boðið er uppá í veitingatjaldi. Setja þarf upp útisvæði á milli vagna þar sem gestir geta notið veitinga.

Veitingar í Rangárhöll: Veitingar fyrir starfsmenn, knapa og sjálfboðaliða á meðan á viðburðinum stendur. Allar máltíðir alla daga. Starfsmenn eru með matarmiða en knapar þurfa að geta keypt mat.


Samið var við Laugaás ehf um að þjónusta allar veitingar á mótinu. Við sáum um að setja upp veitingatjaldið og útvega ákveðið magn af rafmagni en veitingaaðilinn sá alfarið um að setja upp sína aðstöðu og afla tilskilylnna leyfa.

Hvað gekk vel:

- Samskipti voru greið.
- Fjölbreytt úrval af mat á viðráðanlegu verði var í boði.


Hvað hefði mátt betur fara:

- Veitingaaðili hafði vanáætlað rafmangspörf verulega sem varð að áskorun fyrir hann.
- Skipulag matarvagna hefði mátt liggja fyrir fyrr.



Verslunarsvæði

Sett var upp 1200 fm2 markaðstjald sem seldist upp í.



- Opnunartími markaðstjalds þarf að vera alla daga frá kl. 10-20.
- Það þarf að gera ráð fyrir að söluaðilar hafi lager hjá sér þeir voru að koma inn á svæðið á þeim tímum sem það var ekki heimilt. Bæði umferð ekki góð og allt of margir bílar innan svæðis.
- ATH við sýningarkerfi að þegar hann segir okkur að selja bás 2x2 að þá er hann í raun 1,9 x 1,9 sem veldur vandræðum fyrir fólk þegar það er búið að prenta út auglýsingarefni sem er 2m á lengd.
- Mikilvægt er að koma á staðfestingargjaldi 1 mánuði fyrir viðburð svo hægt sé að raða rétt upp tjaldinu, það var óþarflega mikið flækjustig að fleiri væru að selja bása í tjaldið sem hættu svo við og allt þar fram eftir götunum sem olli leiðindum á milli umsjónarmanns og sýningarkerfa.
- Það myndast raki inni í tjaldinu þegar svo mikið af fólki safnast saman sem og að fólk kemur blautt inn, mikilvægt er því að blásari sé til staðar til að koma röku lofti út og þurka.
- Upplýsingar frá þeim sem setur upp kerfið inn í tjaldinu þurfa að vera skýrari strax í upphafi svo ekki séu að koma bakreikningar.
- ALDREI að bjóða aðilum að velja sér stað innan tjaldsins, það er hægt að leggja fram óskir en að öðru leyti raðast bara eftir stærð.

- Söluaðilar verða að vera með eitthvað klárt til þess að loka hjá sér ætli þeir að stökkva út þegar lokað er því erfitt er að loka á slaginu kl. 20 þegar mannmargt er í tjaldinu.

Skemmtidagskrá

Í samningi við þá aðila sem tóku að sér vísölu á Landsmóti hestamanna 2022 var skýrt að þeim bæri að setja upp skemmtidagskrá í aðal tjaldinu enda væri það þeirra hagur að hún væri sem mest aðlaðandi svo salan yrði sem mest.

Það tókst svo sannarlega og sett var upp skemmtidagskrá öll kvöld frá miðvikudegi til laugardags með mörgum af fremstu stjörnum landsins.

Landsmótshaldarar sáu um uppsetningu og skemmtidagskrá fyrir börn sem og skemmtidagskrá á aðalvelli á föstudags- og laugardagskvöld.

DAGSKRÁ

Miðvikudagskvöld:
Hlynur Snær og Sæbjörg Eva

Fimmtudagskvöld:
Gunni Óla, Stefanía Svavars
Íris Buttercup

Föstudagskvöld:
Helgi Björns og Regína
Páll Óskar

Laugardagskvöld:
Paparnir

BARNADAGSKRÁ

Alla vikuna verður boðið uppá tjald þar sem verður afþreying fyrir börn.

Opnunartími barnatjalds og leiksvæðis:

Sunnudagur - Miðvikudags:
12:00 - 16:00

Fimmtudagur - Laugardags
10:00 - 16:00

Föstudagur:

Barnatjaldið opið
Listasmiðja á vegum
Hugverks í heimabyggð
Hoppukastali
Leiksvæði frá Manhattan

Laugardagur:


Barnatjaldið opið
Listasmiðja á vegum Hugverks
í heimabyggð
Hoppukastali
Leiksvæði frá Manhattan
BMX BRÓS
Ávaxtakarfan
Latibær

Hvað gekk vel ?

- Fjölbreytt dagskrá var í boði alla mótsdaga.
- Það samkomulag sem við gerðum byggði á gríðarlegu trausti.

Þjónusta við knapa

Stóðhestahúsið og Rangárhöllin var fyrir knapa og aðra starfsmenn. Í stóðhestahúsinu gátu knapar lagt á og stungið hestum inn í stíur, í Rangárhöllinni var heilbrigðisskoðun MAST, fótaskoðun eftir keppni og upphitunaraðstaða knapa. Bein akstursleið var fyrir knapa inn á svæðið og næg bílastæði. Aðstaðan í Rangárhöllinni þar sem knapar gátu borðað í ró og næði og hvílt sig var algjört lykilatriði og munum við leggja kapp á að bjóða uppá þessa aðstöðu til framtíðar.



Samantekt

Kallað var eftir upplýsingum frá öllum lykilstarfsmönnum mótsins um hvernig hefði til tekist. Spurt var um hlutverk viðkomandi, hvað gekk vel og hvað hefði mátt fara betur. Heimtur voru ágætar og gefa gríðarlega mikilvægar upplýsingar fyrir framkvæmdanefnd og framtíðarundirbúning Landsmóta. Þær upplýsingar liggja til grundvallar þessari skýrslu.

Það sem gekk vel

- Öll aðstaða var til fyrirmyndar
- Tímasetningar í dagskrá stóðust nánast undantekningarlaust
- Aðstaða fyrir knapa, dómara, starfsmenn og sjálfbóðaliða var til fyrirmyndar og frábært að geta notað Rangárhöllina og aðstöðuna þar eingöngu fyrir þessa lykil einstaklinga.
- Samskipti við alla lykilstarfsmenn og þeirra á milli gengur vel.
- Hátíðarbragur var yfir svæðinu.
- Svæðið stóð undir væntingum, nóg pláss, góðir vellir og aðstaða fyrir knapa og starfsfólk góð.
- Umhirða á völlum gekk vel og helstu leiðir utan þeirra vökvaðar þegar þurfti.
- Veitingasalan bæði fyrir starfsfólk og gesti var mjög góð. Aðstaða í tjöldunum og í Rangárhöllinni var frábær.
- Landsmótssvæði sennilega aldrei verði snyrtilegra, alltaf hreint og sápolykt í WC húsinu.
- Sveigjanleiki og hröð viðbrögð mótshaldara. Á fimmtudegi kom það upp að breyta þyrfti dagskrá vegna veðurs og það var mjög gaman að finna hvernig fólk lagðist á eitt til að það raskaði heildardagskrá sem minnst – sem gekk upp.
- Hópurinn sem að mótinu kom stóð þétt saman í stóra verkefninu og var lausnamiðaður í sinni vinnu.
- Nærsamfélaginu var mjög annst um að mótið gengi vel og mikill velvilji að finna í garð mótsins, sem hefur ekki endilega alltaf verið.

Það sem gekk ekki eins vel

- Halda hefði þurft fleiri stöðufundi í aðdraganda mótsins þar sem allir koma saman sem þurfa t.d. rafmagn.
- Endurhugsa þarf allt flæði gesta m.t.t. hvar aðföng koma að
- Stöðva þarf alla bílaumferð á plani.
- Tiltækur þarf að vera verkflokkur sem getur ráðist í fjölbreytt verkefni án fyrirvara.
- GSM sendar geta verið fjær, þurfa ekki að vera á aðalsvæði.

- Samskipti kjarna starfsmanna þurfa að vera greiðari.
 - o Samskiptaplan á korti þarf að vera til
 - o Hver hefur hvaða hlutverk og á hverju ber hann ábyrgð
- Hnókrar voru á netsambandi í dómhúsum sem komu sér illa og ullu óþarfa titringi. Þetta þarf að vera 100% fyrir móthald framtíðarinnar. Ekki var um að kenna innviðum svæðisins heldur mistökum tæknimanna á staðnum.
- Armbönd sem keypt voru fyrir mótið voru léleg, röknuðu upp og festingar héldu ekki. Finna þarf mun betra fyrirkomulag í framtíðinni en það að þurfa að klippa og brenna hvert einasta armband.
- Armbönd fyrir starfsmenn og þá sem voru á gestalista hefði þurft að vera búið að afhenda löngu fyrir mót. Það hefði einfaldað miðasölu töluvert.
- Merkingar á svæðinu hefðu þurft að vera skýrari strax í upphafi móts.
- Úthlutun miða fyrir hreyfihamlaða fór úr böndunum sem varð til þess að of margir bílar voru á því svæði.
- Lokadrög að dagskrá þurfa að liggja fyrir mun fyrr en það gerði fyrir mótið 2022. Stærðir eru nokkuð þekktar og því ætti að vera vel hægt að stilla dagskránni upp vel tímanlega. Það myndi auðvelda öllum skipulag sem að þeim hluta koma.
- Skipulag á setningarhátíð og verðlaunaafhendingum hefði þurft að liggja fyrir tímanlega, til stóð að nýta fyrstu daga mótsins til þess að hnýta lausa enda sem þar komu upp en þá voru önnur verkefni sem kröfðust athygli. Allt gekk þetta þó upp, en varð óþarflega krefjandi.
- Gríðarlega krefjandi var að flagga á hverjum degi og hefði þurft aðra nálgun á það.

Að halda Landsmót hestamanna er gríðarlega krefjandi en skemmtilegt verkefni sem við vonumst til að fá tækifæri til að gera aftur. Gríðarleg reynsla safnast á fáar hendur sem við reynum að skila frá okkur með þessari skýrslu til framtíðar.

Mjög gagnlegt og eiginlega nauðsynlegt er að stjórn LM standi fyrir fundi á milli Landsmótsára þar sem lykilaðilar verði kallaðir saman, hægt væri t.d. að horfa tvö til þrjú mót aftur í tímann og tvö til þrjú mót fram í tímann þegar slíkir fundir eru haldnir. Þetta myndi án nokkurs vafa gefa öllum aukið sjálfstraust til þess að standa að viðburðunum og til þess fallið að undirbúningur verði sem markvissastur og útkoman sem best. Það er margt sem reynslan kennir manni og sem skilvirkust miðlun upplýsinga er gríðarlega mikilvæg.